

greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Fyrir sjóréttinum lauk málinu með dómi uppkeðnum 8. febr. f. á. þannig, að Sigurður Jónsson var sýknaður og stefnandi dæmdur til að greiða honum 25 kr. í málskostnað.

Nefndur yfirréttarmálaflutningsmaður hefir nú fyrir hönd I. Lauritzens (í áfrýjunarstefnunni er L. Lauritzen, sem verður að teljast ritvilla) skotið þessum dómi til yfirdómsins og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir sjóréttinum verði teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu stefnda, Sigurðar Jónssonar, er krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Upptök málsins eru þau, að áfrýjandi gerði samning við Louis Zöllner konsúl í Newcastle on Tyne um leigu á gufuskipi áfrýjanda, »Ellen«, til að flytja saltfarm frá Ibiza á Spáni til Seyðisfjarðar og tveggja annara staða á Austurlandi. Farmsamningur var dags. 4. febr. 1914 og var þar ákveðið, að biðdagar skipsins skyldu svo taldir, að einn dagur væri ætlaður til affermingar hverjum 150 smálestum salts og að gjald fyrir hvern aukabiðdag skyldi vera 15 sterlingspund. Eanfremur segir svo í samningnum: »Þennan samning hefir Louis Zöllner gert fyrir hönd ánnars manns og því hefir það orðið að samkomulagi, að ábyrgð hans á öllum eignum og greinum, hver svo sem hún er, þar með taldar allar deilur um biðdagabætur, skuli falla niður þegar er farminum er skilað út í skipið, og að eigandi hafi engan

aðgang að farmsendara eða umboðsmanni leigutaka að því er snertir nokkrar lagakröfur snertandi samning þennan, heldur verði hann að neita veðréttar síns í farminum til að fullnægja þeim«. Skipið kom til Seyðisfjarðar 20. marz s. á. með saltfarminn, sem mældist 1165 smálestir og var affermt þar að mestu leyti, en að nokkru leyti á 3 öðrum stöðum á Austurlandi. Annaðist stefndi um móttöku farmsins og var affermingunni lokið 7. apríl. Áfrýjandi leit nú svo á, að skipið hefði tafist við affermingu í 7 daga fram yfir hina ákveðnu biðdaga, og að sér bæri aukabiðgjald fyrir þá daga samkvæmt farmsamningnum 7×15 sterlingspund. Leitaði hann fyrst til Louis Zöllner um greiðslu á þessu gjaldi, en hann vísaði þeirri kröfu frá sér samkvæmt fyrgreindu ákvæði samningsins og hefir áfrýjandi því beint henni á hendur stefnda. Til þess telur hann sig hafa heimild bæði samkvæmt farmsamningnum, því að þar sé ákveðið, að skipseigandi eigi aðgang að viðtakanda farmsins einum, meðal annars um greiðslu biðdagabóta, frá þeim tíma, er farmurinn er innbyrtur í skipið, og samkvæmt siglingalögunum 30. nóv. 1914, sérstaklega 159. og 163. gr., enda hafi stefndi verið handhafi að farmskirteininu, og það sé eftir eðli málsins sjálfsagt, að viðtakandi beri ábyrgð á afskiftum sínum við móttöku farmsins.

Það er hins vegar aðalástæða stefnda fyrir sýkjarkröfu hans, að hann sé eigi réttur varnaraðili, með því að hann hafi eigi verið eigandi saltfarmsins og eigi tekið á móti honum fyrir sjálfan sig, en það hafi hann gert fyrir Louis Zöllner og í hans umboði, og

stefndi neitar því, að hafa fengið eða haft í höndum farmskirteini fyrir saltfarminum, enda hafi hann eigi kvittað fyrir farminum á slíkt skirteini, en gefið skipstjóra almenna kvittun og ritað nafn sitt undir hana að viðbættu »pr. Louis Zöllner«.

Um þessa varnarástæðu stefnda athugast, að það verður eigi talið sannað gegn neitun hans, að hann hafi tekið við saltfarminum sem sinni eign eða til eigin ráðstöfunar, því að þótt Louis Zöllner hafi gert farmsamninginn fyrir hönd annars manns, leiðir eigi af því, að sá, er hann samdi fyrir, hafi verið stefndi, og þó að stefndi tæki á móti farminum virðist það eigi geta heimilað að dæma hann til af eigin fé að greiða hið umstefnda aukabiðgjald. En krafa áfrýjanda virðist, eftir því sem atvik liggja til, eigi heldur að öðru leyti vera á rökum byggð, með því að leggja verður þann skilning í fyrgreint ákvæði farmsamningsins, að skipstjóri hafi eigi, eftir að farmurinn var kominn í skipið, átt annars kost en að leita fullnægingar af honum um aukabiðgjald, en eigi átt neinn annan rétt gegn farmsendanda né viðtakanda til greiðslu á því gjaldi. Nú afhenti skipstjóri allan farminn fyrirvaralaust og tók kvittun fyrir, án þess, svo séð verði, að gera eða geyma sér eða útgerðarmanni neina kröfu um aukabiðgjald, og verður þá að ætla, að hann hafi eigi talið sig eða hann eiga neina slíka kröfu. Og enn er það, að í farmskirteini skipsins var eigi minnst á aukabiðgjald eða vitnað þar um til farmsamnings, en þegar svo er, er krafa á hendur viðtakanda um aukabiðgjald ólögमत samkvæmt 149. gr. siglingalaganna.

Af framangreindum ástæðum verður að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda eins og sjódomurinn hefir gert, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Magnús Gíslason fyrir hönd I. Lauritzen greiði stefnda Sigurði Jónssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist á 8 vikna fresti frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 4. febrúar 1918.

Nr. 84/1917.

Jónas Jónasson
gegn

Fiskiveiðahlutafél. »Ægir«.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Jónas Jónasson stýrimaður hér í bænum gegn stjórnendum fiskiveiðahlutafélagsins »Ægir«, þeim Magnúsi Blöndahl framkvæmdarstjóra, Páli Magnússyni járnsmið og Indriða Gottsveinssyni skipstjóra fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og krafðist